# Skólaskýrsla Fjölbrautaskóla Suðurnesja

# Skólaárið 2017-2018

**Fjölbrautaskóli Suðurnesja**

**Vor 2018**

**Efnisyfirlit**


1. Inngangur....4
2. Tölulegar upplýsingar....4
3. Fundir, fyrirlestrar og námskeið....5
4. Gjafir og styrkir....5
5. Stefnumótun....6
6. Fjölbreytt skólastarf....6
   6.1 Nemendur í listnámi....6
   6.2 Afreksíþróttalína....7
   6.3 Valfög fyrir grunnskólanemendur....8
   6.4 Erasmus+....8
   6.5 Námskrá....8
   6.6 Breyttur prófatími....8
   6.7 Model European Parliament....9
   6.8 Þrískólafundur....9
   6.9 Ferðalög nemenda og kennara....9
7. Ýmsar uppákomur....11
   7.1 Móttaka nýnema....11
   7.2 Kynningarfundur....11
   7.3 Opið hús - námskynning....11
   7.4 Háskólakynningar....11
   7.5 Þemadagar....12
   7.6 Starfshlaup....12
   7.7 Dimissio....12
   7.8 Gróðursetning....13
   7.9 Dagur íslenskrar tungu....13
   7.10 Ýmsar keppnir....13
   7.11 Leikrit og aðrar uppákomur NFS....14
   7.12 Rýmingaræfing....15

7.13 Stofnun ársins ....15
8. Skýrsla matsnefndar....16
9. Skýrslur sviðsstjóra....19
9.1. Málasvið ....19
9.2. Stærðfræði- og raungreinasvið....23
9.3. Samfélagssvið ....26
9.4. Tæknisvið....31
9.5. Starfsbraut....39
10. Skýrsla bókasafns....48
11. Skýrsla námsráðgjafa....50
12. Mætingastjóri ....56
13. Skýrsla sálfræðinga....58
14. Skýrsla forvarnafulltrúa....61
15. Skýrsla félagslífsfulltrúa....63

## 1. Inngangur

Í eftirfarandi skýrslu er farið yfir skólaárið 2017-2018. Tilgreindar eru tölulegar upplýsingar og meðal annars fjallað um fundi, fyrirlestra, námskeið, fjölbreytt skólastarf og ýmsar uppákomur í skólastarfinu. Samantektarskýrslur matsnefndar, sviðsstjóra, bókasafns, námsráðgjafa, sálfræðinga, forvarnafulltrúa og félagslífsfulltrúa.

## 2. Tölulegar upplýsingar

**Haust 2017**

Skólastarf hófst 15. ágúst þegar nýnemar voru boðaðir á svokallaðan nýnemadag. Tilgangurinn með deginum er fyrst og fremst að gera yngstu nemendum okkar auðveldara að takast á við nám í nýjum skóla. Hefðbundin kennsla hófst síðan 18. ágúst. Nemendur sem hófu nám í dagskóla voru um 970 en auk þess stunduðu um 100 nemendur úr 10. bekkjum grunnskóla á svæðinu nám við skólann í einstaka valáföngum. Starfsmenn skólans á önninni voru 99, 82 kennarar og 17 aðrir starfsmenn. Verktakafyrirtæki sá síðan um ræstingu en samið var við fyrirtækið ISS eftir útboð.

Nokkrir nýir starfsmenn hófu störf við upphaf haustannar en það voru þau Einar Valur Árnason, Helga Rún Hjartardóttir, Kristjana Hrönn Árnadóttir, Margrét Kristjánsdóttir, Margrét Alda Sigurvinsdóttir, Sigrún Eugenio Jónsdóttir og Sunna Pétursdóttir. Ingibjörg Böðvarsdóttir, Hulda Egilsdóttir og Þórunn Svava Róbertsdóttir sneru aftur til baka eftir leyfi. Sigríður Albertsdóttir kom síðan til starfa í upphafi annar og leysti af vegna veikinda. Inga Lilja Eiríksdóttir fór í fæðingarorlof á önninni auk þess sem Björgvin Jónsson var í leyfi og Jórunn Tómasdóttir í veikindaleyfi.

**Vor 2018**

Skólastarf hófst 4. janúar með stundatöfluafhendingu og fyrsta kennsludegi 5. janúar. Um 830 nemendur voru í dagskóla en auk þess stunduðu um 100 grunnskólanemendur nám í einstökum áföngum og 4 voru í fjarnámi. Fastir starfsmenn skólans voru 99 á önninni, 78 kennarar og stjórnendur, 6 stundakennarar og 15 aðrir starfsmenn. Verktakafyrirtæki sá um ræstingu.

Einar Valur Árnason, Friðjón Einarsson, Sigríður Albertsdóttir og Sólveig Björk Granz kenndu ekki á þessari önn. Nýir kennarar voru Hlynur Heimisson og Sverrir Gunnarsson og Lárus Pálmason og Leifur A. Ísaksson voru stundakennarar á önninni.

## 3. Fundir, fyrirlestrar og námskeið

Á haustdögum sóttu nokkrir kennarar fyrirlestur í Hörpu þar sem bandaríkjamaðurinn Zachary Walker fjallaði um nýjungar í kennsluaðferðum, einkum varðandi nýja tækni eins og snjalltæki. Í kjölfarið var unnið með hugmyndir sem þar komu fram og skoðað hvaða aðferðir kennarar skólans eru að nota til að koma til móts við breytt umhverfi.

Starfsfólk á starfsbraut skólans voru með starfsdag þann 17. nóvember þar sem þau skiptu sér niður á sex framhaldsskóla og kynntu sér nám og störf á öðrum starfsbrautum.

Í febrúar var haldinn fyrirlestur um námsmat en þar fræddi Ívar Rafn Jónsson kennara um nýjar námsmatsaðferðir. Þorsteinn V. Einarsson kom og fjallaði um metoo-byltinguna og hlutverk karlmanna þar.

Á starfsdögum kennara kom Bjartur Guðmundsson leikari með erindi sitt „óstöðvandi" sem vakti almenna lukku á meðal starfsfólks.

Í febrúar var haldinn fundur með stjórnendum og námsráðgjöfum grunnskólanna á Suðurnesjum en þar var farið yfir námsframboð, inntökuskilyrði og fleira.

## 4. Gjafir og styrkir

Á hverri önn fær skólinn góðar gjafir frá velunnurum skólans. Á haustönn fengu allir nemendur í rafiðndeild skólans spjaldtölvur að gjöf frá Samtökum rafverktaka og Rafiðnaðarsambandi Íslands. Þessi gjöf er liður í átaki þessara samtaka en þar fá allir nemendur í rafiðngreinum á landinu spjaldtölvur að gjöf. Forsaga málsins er að í nokkur ár hefur verið starfrækt vefsíðan rafbók.is en þar er að finna margvíslegt námsefni fyrir rafiðnaðarnema. Þessi síða hefur verið endurgjaldslaus fyrir nemendur og þar með sparað þeim kostnað við bókakaup. Það er von gefenda að spjaldtölvurnar ýti enn frekar undir notkun á síðunni og nemendur hafi þannig enn betri aðgang og gagn af henni.

Hársnyrtinemar fengu góða gjöf frá Félagi hársnyrtisveina. Þar var um að ræða bækur um undirstöðuatriði í hársnyrtingu, bæði lesbók og vinnubók. Það voru nemar á 1. ári sem fengu bækurnar að gjöf en þær munu nýtast þeim í öllu þeirra námi. Þessi gjöf var svo sannarlega vel þegin enda fylgir því nokkur kostnaður að stunda nám í háriðnum en bækurnar kosta um 30.000 krónur.

Nesfiskur og Raftíðni gáfu vélstjórnardeild aflmæla fyrir samfösun og Reykjafell gaf rafiðnadeild skólans úttektarmæli. (af gerðinni KEW 6016 frá Kyoritsu).

Foreldrafélag skólans færði nemendum skólans örbylgjuofn að gjöf. Ofninn er staðsettur í sal skólans við mötuneytið og bættist við örbylgjuofn sem þar var fyrir. Það voru Kristján Ásmundsson skólameistari og Páll Orri Pálsson formaður nemendafélagsins NFS sem tóku við gjöfinni og þær Dírfa Guðmundsdóttir og Berglind Ósk Sigurðardóttir sem afhentu ofninn en þær eru báðar í stjórn foreldrafélagsins.

Félag vél- og málmtæknigreina (FIT) færði nemendum í málmiðngreinum á vormánuðum 25 vinnusloppa sem eiga örugglega eftir að koma sér vel.

## 5. Stefnumótun

Á haustönn réðst skólanefndin, ásamt stjórnendum skólans, í stefnumótunarvinnu fyrir skólann og skólastarfið til næstu 10 ára. Afraksturinn var skýrsla sem gefin var út nú í vor

Um miðjan maí heimsótti Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, skólann. Ráðherra skoðaði skólann og ræddi við stjórnendur, kennara og skólanefndarmenn.

Á brautskráningardaginn í maí fékk skólinn óvænta en skemmtilega heimsókn frá fjármálaráðherra, Bjarna Benediktssyni. Hann gaf sér tíma til að spjallaði aðeins við stjórnendur og fór stutta skoðunarferð um skólann.

Það er von skólans að þessar heimsóknir ráðamanna geri það að verkum að þeir styðji dyggilega við nauðsynleg verkefni eins og félagsrými nemenda og bættan búnað og aðstöðu í verknámi.

Á vorönninni var unnið að undirbúningi viðbyggingar við skólann en þar er ætlunin að bæta við félagsaðstöðu nemenda. Fulltrúar ráðuneytis og Framkvæmdasýslu ríkisins komu í heimsókn til að skoða aðstæður og ræða um fyrirhugaða viðbyggingu og í framhaldinu var gerð skýrsla um málið sem nú er í skoðun hjá ráðuneyti menntamála. Vonandi verðum skólinn fljótlega komin með þessa viðbót við salinn þannig að nemendur fái betri aðstöðu.

## 6. Fjölbreytt skólastarf

### 6.1 Nemendur í listnámi

Á degi myndlistar heimsótti listmálarinn Daði Guðbjörnsson nemendur á listnámsbraut. Það er Samband íslenskra myndlistarmanna sem stendur fyrir deginum og sótti skólinn um að fá listamann í heimsókn sem hluta af þessu verkefni. Daði heimsótti nemendur og var með skemmtilega og fróðlega kynningu á starfi myndlistarmannsins. Nemendur og kennarar voru sérstaklega ánægðir með heimsókn Daða enda er það dýrmætt fyrir nemendur að fá slíka kynningu frá fyrstu hendi. Einnig fengum nemendur góða gesti frá Listaháskóla Íslands sem kynntu námið þar.

Undanfarin ár hafa nemendur sem hafa verið að vinna lokaverkefni í textíl sýnt verk sín í útibúi Landsbankans í Reykjanesbæ. Textíldeild skólans hefur verið í góðu samstarfi við starfsfólk Landsbankans sem hefur sýnt þessu verkefni mikinn áhuga og stuðning. Í desember sýndu tveir nemendur verk sín í bankanum, fyrst Ólöf Edda Eðvarðsdóttir og síðan Karen Dögg Vilhjálmsdóttir. Það er lærdómsríkt fyrir nemendur að sýna verk sín opinberlega á þennan hátt og svona verkefni eru líka liður í að styrkja samband og samskipti atvinnulífs og skóla.

Helgi Líndal nemandi á textílbraut fór til Los Angeles og lærði skóhönnun í eina viku. Nokkur fyrirtæki styrktu þetta verkefni hjá honum. Eitt af verkefnum Helga í tengslum við ferðina var að kynna skóhönnun fyrir öðrum nemendum á brautinni.

Á fata- og textílbraut er endurvinnsluáfangi kenndur á vorönn þar sem unnið er með endurunnið efni. Liður í þessum áfanga er að gera eitt verkefni til góðs. Að þessu sinni voru fimm nemendur sem saumuðu fjölnota taupoka. Allur ágóði rann til Björgunarsveitarinnar Suðurnes og tóku Bjarni Rúnar Rafnsson formaður sveitarinnar og Hanna Vilhjálmsdóttir á móti styrknum upp á 75.000 kr. Þetta er í þriðja sinn sem þessi áfangi er kenndur en áður hafa Fjölskylduhjálp í Reykjanesbæ og Krabbameinsfélag Suðurnesja fengið styrk frá nemendum skólans.

Sýning útskriftarnemenda á listnámsbraut var opnuð í Duus-húsum þann 26. Apríl. Sýningin er hluti af Listahátíð barna en þar sýndu nemendur á öllum skólastigum í Reykjanesbæ, þ.e. leikskólar, grunnskólar og framhaldsskóli. Verkin á sýningunni voru mjög fjölbreytt og sýndu hvað nemendur hafa verið að skapa í námi sínu. Sýningin í Duus stóð yfir til 13. maí. Nemendur á listnámsbraut voru svo auðvitað duglegir að sækja sýningar og fengu einnig starfandi listamenn í heimsókn.

## 6.2 Afreksíþróttalína

Á haustömm heimsóttu þeir Heimir Hallgrímsson og Ólafur Stefánsson nemendur á afreksíþróttalínu. Ólafur flutti fyrirlestur sem bar yfirskriftina „Forvitni og hugrekki til árangurs“. Fyrirlesturinn var fróðlegur og skemmtilegur og nemendur fylgdust svo sannarlega með af athygli. Heimir mætti svo og stýrði æfingu hjá knattspyrnufólkinu. Nemendur á afreksíþróttalínu stunda æfingar í sinni íþrótt samhliða námi og fá einnig fræðslu varðandi ýmislegt er viðkemur íþróttum og heilsu. Á þessari haustönn voru 26 nemendur í knattspyrnu og 22 í körfuknattleik.

Á vorönn heimsótti John Snorri Sigurjónsson fjallgöngumaður nemendur á áfreksíþróttabraut og flutti magnaðan fyrirlestur en John varð s.l. sumar fyrstur Íslendinga til að klífa K2, næsthæsta fjall heims. Auk þess kom Elís Þór Rafnsson, sjúkraþjálfari íslenska handboltalandsliðsins í þrjár heimsóknir til afreksíþróttahópsins og fór yfir allt varðandi meiðsli, forvarnir, teipingar o.fl.

### 6.3 Valföög fyrir grunnskólanemendur

Fjölbrautaskóli Suðurnesja hefur verið í góðu samstarfi við grunnskólana á svæðinu og hafa nemendur bæði fengið að taka valfög í skólanum einu sinni í viku auk þess að koma í einstaka greinar í dagskóla. Á skólaárinu 2017-2018 voru valfögin á bæði þriðjudögum og miðvikudögum til að nemendur hefðu tækifæri til að velja tvö valfög en ekki bara eitt. Á þessu skólaári voru valgreinarnar enska, spænska, stærðfræði, rafmagn, tréssmíði og textíl og hár.

### 6.4 Erasmus+

Skólinn tekur nú þátt í verkefni á vegum Erasmus+-áætlunarinnar en í verkefninu er fjallað um nýjar kennsluaðferðir. Fyrsti fundur hópsins var haldinn hér á landi síðasta vetur en það er Ívar Valbergsson vélstjórnarkennari sem tekur þátt fyrir hönd skólans. Verkefnið heitir New Learning Arena og það eru kennarar og skólastjórnendur frá skólum á Spáni, Portúgal, Ítalíu, Danmörku og Grænlandi sem taka þátt auk Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Það er því óhætt að segja að norðrið og suðrið mætist í hópnum en það eru Grænlendingar sem halda utan um verkefnið. Verkefnið er til tveggja ára og á þessari önn voru haldnir fundir á Spáni og Ítalíu.

Skólinn átti einnig í samstarfi við ungverskan framhalsskóla. Stjórnendur og raungreinakennarar frá Ungverjalandi komu og skoðuðu starf og aðstæður hér í FS og raungreinakennarar og tölvufræðikennari héðan fóru og skoðuðu starf og aðstæður í ungverska skólanum. Margt er líkt með skólunum enda báðir fjölbreyttir skólar sem þjóna ákveðnu svæði en agi er heldur meiri í ungverskum skólum. Fyrir okkar kennara var ferðin til Ungverjalands sumarauki en fyrir ungversku kennarana vetrarauki.

### 6.5 Námskrá

Undanfarnar annir hefur verið unnið við nýja námskrár sem tók gildi árið 2015 og hélt það starf áfram á þessu skólaári. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á námsbrautum en stúdentsbrautum hefur verið fjölgað og almennar brautir og stuttar starfsnámsbrautir sameinaðar í framhaldsskólabraut þar sem nemendur geta svo valið um mismunandi námsleiðir. Þessar breytingar tóku gildi á vorönn og gera námsframboðið vonandi fjölbreyttara og aðgengilegra fyrir nemendur okkar.

### 6.6 Breyttur prófatími

Prófatími í lok annarinnar var með nokkuð breyttu sniði en prófadögum hefur verið fækkað. Það var gert í samræmi við breytingar á námsmati en símat verður stöðugt algengara en þá er frammistaða nemenda metin jafnt og þétt yfir önnina en áfanga lýkur ekki með lokaprófi.

## 6.7 Model European Parliament

Skólinn sendi nemendur á Model European Parliament - Baltic Sea Region ráðstefnu í Riga í Lettlandi sem haldin var 3.-8. október. Þetta er fjölþjóðleg lýðræðisþjálfun þar sem leikin er eftir starfsemi Evrópuþingsins. Hátt í 100 þátttakendur komu frá 11 ríkjum: Austurríki, Belgíu, Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Lettlandi, Noregi, Póllandi, Svíþjóð og Þýskalandi.

Fulltrúar skólans og Íslands voru Dagný Halla Ágústsdóttir, Páll Orri Pálsson og Vilhjálmur Páll Thorarensen. Þau lögðu sig fram, stóðu sig vel og skemmtu sér konunglega.

## 6.8 Þrískólafundur

Samstarfsfundur framhaldsskólanna á Suðurnesjum, Suðurlandi og Vesturlandi var haldinn í Fjölbrautaskóla Suðurnesja 1. febrúar. Þessir þrír skólar, Fjölbrautaskóli Suðurnesja, Fjölbrautaskóli Suðurlands og Fjölbrautaskóli Vesturlands, hafa lengi haft með sér samstarf enda eiga þeir margt sameiginlegt. Í gegnum árin hafa skólarnir m.a. unnið saman að námskrármálum og gáfu á árum áður út sameiginlega námskrá. Seinni árin hafa stjórnendur þessara skóla haft samráð og þá hafa verið haldnir samstarfsfundir með öllum starfsmönnum skólanna á nokkurra ára fresti.

Dagurinn hófst á því að hlýða á stuttan fyrirlestur frá hverjum skóla en síðan flutti Hafrún Kristjánsdóttir erindi um liðsheild. Eftir hádegishlé skipti fólk sér svo í vinnuhópa eftir námsgreinum og störfum og bar saman bækur sínar. Ekki var annað að heyra en fólk hafi verið ánægt með þetta tækifæri til að hitta kollega sína og skiptast á skoðunum og reynslusögum.

## 6.9 Ferðalög nemenda og kennara

Nemendur skólans eru duglegir við að heimsækja leikhús, listasöfn og ýmsa vinnustaði og fara í menningar- og vettvangsferðir, enda er það hluti af námi þeirra.

Nemendur á tölvuþjónustubraut og tölvufræðibraut fóru í heimsókn til Isavia í lok nóvember og fengu þar höfðinglegar móttökur eins og vanalega. Hópurinn skoðaði alla flugstöðina og þá sérstaklega nýju viðbygginguna. Mál málanna hjá hópnum var að sjálfsögðu að fræðast um tölvukerfi flugstöðvarinnar og fengu nemendur góða fræðslu um alla þá viðamiklu starfssemi sem fer fram á vegum Kerfisþjónustu Isavia.

Nemendur af starfsbraut fóru í menningarferð til Reykjavíkur þann 6. desember og skoðuðu m.a. Þjóðminjasafnið og gengu um miðbæ Reykjavíkur.

Nemendur í lífsleikni og lýðheilsu tóku þátt í forvarnadegi ungra ökumanna við 88 húsið en alls tóku 195 nemendur þátt og eru vonandi vel undirbúnir að fara út í umferðina sem ökumenn. Sami hópur gekk síðan á Þorbjörn með nesti og nýja skó í blíðskaparveðri.

Áfanginn SNAT1NÁ er grunnáfangi í náttúrufræði en þar kynnast nemendur umhverfi sínu, náttúru, sjálfbærni og mörgu fleira. Fimmtudaginn 14. september fóru nemendur í vettvangsferð í Voga á Vatnsleysuströnd ásamt kennurum sínum, Ester Þórhallsdóttur og Hörpu Kristínu Einarsdóttur. Þar rannsökuðu nemendur fjörunnar, skoðuðu jarðvegssnið, fóru í fuglaskoðun og týndu rusl á svæðinu. Eins og þessi ferð sýnir fer kennsla í skólanum ekki öll fram í kennslustofunni og ekki er óalgengt að nemendur fari í slíkar vettvangsferðir eða fái gesti í heimsókn til að víkka sjóndeildarhringinn.

Á vorönn fóru nemendur í umhverfisfræðum í Ráðhús Reykjanesbæjar og ræddu við starfsmenn á umhverfissviði um skólpmál, sorpmál og loftgæðamál sveitafélagsins. Nemendur í lýðheilsu fóru í gönguferð og gengu Stapagötu frá Innri- Njarðvík til Voga í úrhellisrigningu en ekki vitum við annað en að engum hafi orðið meint af og allir hafi komið heilir heim. Einnig var farin vettvangsferð til Reykjavíkur þar sem nemendur fengu kennslu á skautum. Nemendur í lýðheilsuhópum tóku þátt í forvarnardegi ungra ökumanna og fengu fjölda fyrirlestra um forvarnir. Nemendur af erlendu bergi brotnu skoðuðu sýningu um Þingvelli á Listasafni Reykjanesbæjar. Í kjölfarið unnu nemendur verkefni og tengdu við 100 ára afmæli fullveldis á Íslandi.



**Frá gróðursetningu haustannar.**

## 7. Ýmsar uppákomur

### 7.1 Móttaka nýnema

Þann 23. ágúst var móttaka nýnema en þá voru nýnemar boðnir velkomnir í skólann. Að þessu sinni bauð nemendafélagið nýnemum í óvissuferð sem lauk við Sólbrekkuskóg þar sem boðið var upp á varðeld, leiki og margt fleira. Vel var mætt í ferðina en kvöldið eftir var sérstakt nýnemakvöld á sal þar sem einnig var fjölmenni. Vel var mætt í ferðina en vikuna eftir var sérstakt nýnemakvöld á sal þar sem einnig var fjölmenni. Það er óhætt að hrósa stjórn nemendafélagsins fyrir þessar skemmtilegu uppákomur en móttaka nýnema hefur verið að breytast undanfarin ár og er það vel.

### 7.2 Kynningarfundur

Þriðjudaginn 27. ágúst var árlegur kynningarfundur fyrir foreldra nýnema haldinn á sal skólans. Foreldrum nýnema var boðið á fundinn þar sem skólinn var kynntur og sýnt hvernig foreldrar geta fylgst með námi barna sinna í skólakerfinu Innu. Í lok fundarins gafst foreldrum svo tækifæri til að ræða við umsjónarkennara barna sinna. Hrefna Pálsdóttir frá Rannsóknum og greiningu flutti stutt erindi um könnun fyrirtækisins á líðan og högum framhaldsskólanemenda. Eftir fundinn var aðalfundur foreldrafélags skólans haldinn en þar var Anna Sigríður Jóhannesdóttir kjörinn nýr formaður félagsins.

### 7.3 Opið hús - námskynning

Þriðjudaginn 6. mars var nemendum tíunda bekkjar og foreldrum þeirra boðið í heimsókn síðdegis. Skólinn var opinn frá kl. 16:30 til 18:00. Kennarar, stjórnendur og námsráðgjafar kynntu námið og svöruðu spurningum gesta. Nemendafélagið kynnti sína starfsemi og þá gafst gestum tækifæri til að ganga um skólann og skoða aðstöðuna. Þetta er sjötta árið í röð sem slík kynning er haldin og var aðsóknin að þessu sinni mun betri en áður.

### 7.4 Háskólakynningar

Í byrjun mar (6. mars) fékk skólinn góða gesti þegar fulltrúar frá öllum háskólum landsins kynntu starfsemi sína á sal skólans. Þessi kynning var haldin í tengslum við Háskóladaginn sem var 3. mars en í framhaldinu voru slíkar kynningar haldnar víða um land. Nemendur skólans nýttu tækifærið vel, kynntu sér það sem þarna kom fram, spurðu án afláts og fengu auðvitað mikið af bæklingum.

### 7.5 Þemadagar

Hinir árlegu þemadagar voru haldnir 22. og 23. febrúar og var yfirskrift þeirra Framhaldsskólárin - lífið er núna. Þeir voru með svipuðu sniði og undanfarin ár og áhersla lögð á að fólk gæti tekið þátt og skoðað sem flest. Á fimmtudeginum voru námskeið og fyrirlestrar og þar gátu nemendur farið á milli og skoðað allt sem var í boði. Það er óhætt að segja að létt og góð stemning hafi verið í skólanum þennan dag og fólk hafi skemmt sér vel enda dagskráin fjölbreytt og skemmtileg.

Á föstudeginum var boðið upp á dagskrá á sal en þar var byrjað á bröns í boði Þemadaga. Síðan var skemmtun en þar komu fram Klassart, Rikki G., Jón Jónsson, Friðrik Dór og JóiPé og Króli. Mæting var góð og viðstaddir skemmtu sér vel og tóku virkan þátt í því sem þar fór fram.

### 7.6 Starfshlaup

Starfshlaupið var haldið í 22. sinn síðasta kennsludag fyrir páska eða föstudaginn 23. mars. Andrés Þórarinn Eyjólfsson og Kristjana Hildur Gunnarsdóttir, kennarar sáu um skipulagninguna sem gekk vel. Starfshlaupið er nokkurs konar boðhlaup þar sem keppt er í flestum þeim námsgreinum sem kenndar eru við skólann og ýmsum þrautum. Að þessu sinni kepptu fimm lið í hlaupinu en í hverju liði eru nokkrir tugir keppenda. Fyrir hverju liði fara síðan fyrirliðar sem koma úr hópi væntanlegra útskriftarnemenda. Keppnin var gríðarlega spennandi í ár og réðust úrslit ekki fyrr en í síðustu þrautunum en svo fór að appelsínugula liðið sigraði.

### 7.7 Dimissio

Í lok hverrar annar bjóða væntanlegir útskriftarnemendur til hátíðar á sal sem kölluð er dimissio. Þá kveður útskriftarhópurinn kennara og nemendur skólans með ýmis konar uppákomum. Á haustönn var dimissio haldið 1. desember en á vorönn 4. maí. Um morguninn er dagskrá á sal. Það er orðin hefð fyrir því að á dimissio sé boðið upp á stuttmynd um lífið í skólanum. Að lokinni kvikmyndasýningunni fer fram verðlaunaafhending en þar fær útskriftarhópurinn tækifæri til að veita kennurum sínum viðurkenningar fyrir frammistöðu sína. Um kvöldið er síðan hin svokallaða síðasta kvöldmáltíð en þá borða útskriftarnemendur og starfsfólk skólans saman og gera sér glaðan dag.

### 7.8 Gróðursetning

Hefð er fyrir því að væntanlegir útskriftarnemendur gróðursetji plöntur hjá Rósaselsvötnum fyrir ofan Keflavík, til minningar um veru sína í skólanum. Svæðinu sem um ræðir fékk skólinn á sínum tíma úthlutað hjá Skógræktarfélagi Suðurnesja. Nemendur sem útskrifast frá skólanum gróðursetja þar plöntur tvisvar á ári; nemendur sem útskrifast á haustönn fara í upphafi haustannar en hópar sem útskrifast að vori gróðursetja þá. Þetta hefur verið gert í þó nokkur ár og var engin breyting þar á þetta árið. Búið að gróðursetja þó nokkuð af plöntum sem eiga vonandi eftir að vaxa þar og dafna.

### 7.9 Dagur íslenskrar tungu

Í skólanum var haldið upp á Dag íslenskrar tungu þann 16. nóvember. Það hefur verið gert lengi og eru það íslenskukennarar skólans sem standa fyrir þeirri dagskrá. Að þessu sinni heimsótti Jón Kalman Stefánsson rithöfundur okkur og ræddi við nemendur á sal en Jón er fyrrverandi nemandi og kennari við skólann. Hann rifjaði upp veru sína í skólanum, sagði frá verkum sínum og las stuttan kafla úr nýjustu bók sinni, Sögu Ástu. Það þarf ekki að taka fram að Jón er einn þekktasti rithöfundur þjóðarinnar og hefur unnið Íslensku bókmenntaverðlaunin og verið tilnefndur til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs. Það var líka sérstaklega gaman fyrir skólann að fá Jón í heimsókn en hann varð stúdent frá skólanum og starfaði síðar hér sem íslenskukennari.

### 7.10 Ýmsar keppnir

Nemendur úr Fjölbrautaskóla Suðurnesja stóðu sig vel að vanda í hinum ýmsu keppnum á skólaárinu.

Lið skólans tók að venju þátt í spurningakeppni framhaldsskólanna Gettu betur og MORFÍS, mælsku- og rökræðukeppni framhaldsskólanna. Lið skólans tapaði fyrir liði Menntaskólans á Akureyri í 1. umferð Gettur betur en stóð sig engu að síður vel. Liðið skipuðu þau Einar Guðbrandsson, Kristín Fjóla Theódórsdóttir og Þorbergur Jónsson. Þjálfari var Alexander Hauksson. Lið skólans tók þátt í mælsku- og rökræðukeppninni Morfís og tapaði þar fyrir liði Menntaskólans í Hamrahlíð í 16 liða úrslitum. Liðið skipuðu Dagný Halla Ágústsdóttir, Júlíus Viggó Ólafsson, Ólafur Bergur Ólafsson og Thelma Hrund Hermannsdóttir. Þjálfarar liðsins voru þau Sigurður Smári Hansson og Sólborg Guðbrandsdóttir.

Í október var þrekmótakeppni framhaldsskólanna haldin í þriðja sinn en lið skólans vann einmitt fyrstu keppnina en varð í þriðja sæti í fyrra. Í ár kom okkar fólk ákveðið til leiks og fór með sigur af hólmi. Í liðinu voru þau Einar Hjalti Gilbert, Ingunn Eva Júlíusdóttir, Kristófer Hans Abbey og Sunna Líf Zan Bergþórsdóttir. Liðinu stjórnaði Kristjana Hildur Gunnarsdóttir íþróttakennari sem er ekki óvön keppnum af þessu tagi.

Stærðfræðikeppni grunnskólanema fór fram í skólanum 12. mars s.l. en þar voru þátttakendur 148 úr öllum grunnskólum á Suðurnesjum. Ragnheiður Gunnarsdóttir fagstjóri í stærðfræði hafði umsjón með keppninni eins og undanfarin ár. Verðlaunaafhending fór síðan fram mánudaginn 9. apríl. Þar mættu tíu efstu í hverjum árgangi ásamt foreldrum sínum, stærðfræðikennurum og skólastjórnendum grunnskólanna. Allir sem voru boðaðir fengu viðurkenningarskjal auk þess gáfu Íslandsbanki og Verkfræðistofa Suðurnesja þeim verðlaun sem lentu í efstu sætunum.

Nemandi skólans, Júlíus Arnar Ágústsson, vann Hæfileikakeppni starfsbrauta sem haldin var á Egilsstöðum fimmtudaginn 12. apríl. Júlíus eða Júlli A eins og hann kallar sig flutti frumsamið rapplag sem heitir Strætóinn og sló algjörlega í gegn á sviðinu en keppnin var haldin í samkomuhúsinu Valaskjálf. Tuttugu nemendur fóru í vel heppnaða ferð á Austurlandið og voru fagnaðarlætin mikil þegar úrslit voru kunngerð.

## 7.11 Leikrit og aðrar uppákomur NFS

Nemendafélagið NFS stóð í stórræðum en hápunkturinn í starfi félagsins var uppsetning á söngleiknum Burlesque. Verkið var frumsýnt 9. mars í Andrews Theater á Ásbrú en það byggir á samnefndri kvikmynd. Leikstjóri og höfundur leikgerðar var Brynja Ýr Júlíusdóttir en hún varð stúdent frá skólanum í fyrra. Að venju var það stór hópur nemenda sem kom að sýningunni, bæði á sviðinu og ekki síður baksviðs.

Hljóðneminn, söngkeppni NFS, fór fram þann 22. mars. Perla Sóley Arinbjörnsdóttir fór þar með sigur af hólmi. Hún var því fulltrúi skólans í Söngkeppni framhaldsskólanna sem haldin var á Akranesi og var hún og hennar fólk skólanum til sóma.

Nemendafélagið bauð svo auðvitað reglulega upp á skemmtikvöld og uppákomur í hádeginu að ógleymdum dansleikjunum ómissandi.

Skólablaðið Vizkustykki kom út á haustönninni og skólaþátturinn Hnísan hóf göngu sína að nýju eftir nokkurt hlé.

Fimmtudaginn 12. október hélt Nemendafélagið framboðsfund þar sem fulltrúar þeirra flokka sem buðu fram til Alþingis kynntu sig og stefnu sína. Kallað var á sal þar sem nemendur hlýddu á fulltrúa framboða og gátu síðan spurt þá spjörunum úr. Í framhaldi fundarins voru síðan haldnar svokallaðar skuggakosningar. Þær fóru fram í flestum framhaldsskólum landsins á vegum verkefnisins #égkýs sem Landssamband æskulýðsfélaga og Samband íslenskra framhaldsskólanema standa fyrir. Tilgangurinn með fundinum og skuggakosningunum var fyrst og fremst að efla lýðræðisvitund nemenda og hvetja þá til að taka þátt í kosningunum.

### 7.12 Rýmingaræfing

Í lok október var haldin rýmingaræfing í samstarfi við Brunavarnir Suðurnesja. Þá var brunabjöllum hringt og allir drifu sig út hið snarasta. Tilgangurinn var fyrst og fremst að kanna hve langan tíma tekur að rýma skólahúsnæðið ef hættu ber að höndum og skoða hverju þarf að breyta svo hægt sé að rýma skólann á sem skemmstum tíma.

### 7.13 Stofnun ársins

Á vormánuðum var boðið til viðburðar ársins á vegum SFR, stéttarfélag í almannaþjónustu þar sem veitt voru verðlaun fyrir stofnun ársins 2018. Fjölbrautaskóli Suðurnesja lenti í fjórða sæti af 82 í hópi stórra stofnana. Skólinn getur því notað titilinn Fyrirmyndarstofnun SFR og er ein þrettán ríkisstofnana sem hlýtur þann titil í ár. Þetta er fimmta árið í röð sem við erum útnefnd ein af fyrirmyndarstofnunum SFR og erum efst stóru framhaldsskólanna á landinu og það eru að sjálfsögðu ánægjuleg tíðindi fyrir vinnustaðinn okkar.



**Jón Kalman Stefánsson heimsótti skólann á Degi íslenskrar tungu.**

## 8. Skýrsla matsnefndar

Á haustönn 2017  mynduðu fjórir kennarar Matsnefnd FS. Þau Ása Einarsdóttir, Axel Sigurbjörnsson, Garðar Garðarsson og Harpa Kristín Einarsdóttir ásamt aðstoðarskólameistara Guðlaugu Pálsdóttur. Hópurinn vann að mestu að hefðbundnum verkefnum. Hópurinn hittist reglulega og er unnið samkvæmt sjálfsmatshring sem er endurskoðaður með reglulegu millibili. Sumir þættir eru skoðaðir á hverri önn en aðrir á nokkurra anna fresti. Sjálfsmatshringurinn er aðgengilegur á heimasíðu skólans.

**Helstu verkefni Matsnefndar á haustönn 2017**

1. Kennslumat þar sem kennsla í áföngum u.þ.b. fjórðungs kennara var metinn.
2. Könnun á samskiptum nemenda við starfsmenn aðra en kennara.
3. Mat á einkunnadreifingu og brotthvarfi í áföngum og eignastaða tekin út.

Unnið var samkvæmt sjálfsmatshring sem gildir frá hausti 2017 og til vors 2020. Reglulegt kennslumat var gert með hefðbundnu sniði. Spurningalisti er snýr að námi, kennslu og kennsluháttum er lagður fyrir alla nemendur ákveðins hóps kennara, en um það bil fjórðungur kennara er metinn á hverri önn. Niðurstöður eru síðan lagðar til grundvallar starfsmannaviðtals.

Könnun a samskiptum nemenda við starfsmenn aðra en kennara var gerð með rafrænum hætti. Þátttökuboð voru send út til 881 einstaklinga og svöruðu 372 eða um það bil 42%.

Niðurstöður þessarar könnunar verða síðan lagðar til grundvallar í starfsmannaviðtali.

**Helstu verkefni Matsnefndar á vorönn 2018**

1. Kennslumat þar sem kennsla í áföngum u.þ.b. þriðjungs kennara var metinn.
2. Könnun á notkun upplýsingatækni í kennslu í FS
3. Könnun á viðhorfi starfsmanna til Mötuneytis FS
4. Könnun á viðhorfi nemenda til Mötuneytis FS
5. Mat á einkunnadreifingu og brotthvarfi í áföngum og eignastaða tekin út.

Kennslumat var lagt fyrir í öllum hópum 18 kennara. Í kjölfarið fara fram starfsmannaviðtöl við þá kennara.

Gerð var könnun á notkun upplýsingatækni í kennslu í FS. Tilgangurinn var að fá upplýsingar um hvernig kennarar nýta þessa tækni og hvaða hluta hennar þeir nýta mest með það fyrir augum að styrkja og styðja við notkun upplýsingatækni í kennslu í skólanum. Spurt var um notkun námskerfa ss. Innu og Moodle og einnig hin ýmsu kennsluforrit sem nýta má í kennslu. Þá var þátttakendum gefinn kostur á að koma með ábendingar um það sem þeim finnst að megi betur fara. Könnun af þessu tagi hefur ekki verið gerð áður.

Einnig var gerð rafræn könnun á notkun og viðhorfi starfsmanna FS til mötuneytis skólans en sambærileg könnun var síðast gerð á vorönn 2015. Síðan þá hefur verið skipt um rekstraraðila og rekstarformi breytt þannig að erfitt getur verið að bera þessar tvær kannarnir saman og fyrir dyrum standa enn frekari breytingar á rekstrinum. Könnunin var lögð fyrir á rafrænu formi að þessu sinni. Boð voru send út á 83 netföng starfsmanna um að taka þátt og 60 svöruðu eða 72,2%. Spurt var um kyn, hversu oft þeir kaupa heitan mat (heimilismat) í Mötuneytinu, hvernig þeim finnst maturinn, úrvalið, verð og þjónustan.

Á vorönninni var gerð sambærileg könnun meðal nemenda á notkun og viðhorfi til mötuneytisins. Könnunin var gerð rafrænt og var spurningalisti sendur út á 764 netföng nemenda og svöruðu 286 nemendur könnuninni eða 37,74% þeirra sem fengu boð um þátttöku. Spurt var um kyn, fæðingarár, hversu oft þeir kaupa heitan mat (heimilismat) í mötuneytinu, hvernig þeim fannst maturinn, úrvalið, hreinlætið og aðstaðan í matsalnum. Þá var nemendum gefinn kostur á að koma með ábendingar um það sem þeim finnst betur mætti fara.

## Tillögur til úrbóta

### Könnun á notkun upplýsingatækni í FS

Niðurstöður þessarar könnunar gefa til kynna að notkun kennara í FS á upplýsingatækni í kennslu sé mjög fjölbreytt.
Til að viðhalda þeim fjölbreytileika sem fyrir er og skjóta styrkari stoðum undir fjölbreytni á notkun upplýsingatækni er lagt til að hugað verð að frekari fræðslu um ýmiskonar forrit og vefi til notkunar í kennslu fyrir kennara skólans.

### Könnun á notkun og viðhorfi starfsmanna FS til mötuneytis skólans

Lagt er til að framboð og samsetning máltíða verði endurskoðuð og aukin áhersla verði lögð á heilsusamlegt úrval fæðu í Mötuneytinu í samræmi við markmið Heilsueflandi framhaldsskóla. Einnig er lagt til að dregið verði úr notkun einnota áhalda og umbúða í Mötuneytinu

**Könnun á notkun og viðhorfi nemenda FS til mötuneytis skólans**

Nemendum finnst úrval á matvöru ekki nægilega fjölbreytt og mætti taka tillit til þess þegar aukinn kraftur verður settur í verkefnið Heilsueflandi Framhaldsskóli.

Þá kemur í ljós áhugi nemenda fyrir umhverfisvernd, þau vilja draga úr notkun einnota áhalda og flokka sorp sem til fellur í matsal meira og betur.

Þá mætti bæta umgengni og þrifnað kringum samlokugrill og örbylgjuofn í matsal nemenda.

Ása Einarsdóttir, verkefnastjóri, tók saman.



**Frá útskrift haustannar.**

# 9. Skýrslur sviðsstjóra

## 9.1. Málasvið

Kennsla skólaárið 2017-2018

| # | Kennarar | Greinar | Áfangar | Fj. tíma H2017 | Fj. tíma V2018 |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Anna Karlsdóttir Taylor | íslenska | ÍSLE2MÆ, VITA2VT, ÍSLE1F/B | 30 | 30 |
| 2 | Axel Gísli Sigurbjörnsson | enska | ENSK1ET, ENSK2KO, ENSK2GA | 33 | 27 |
| 3 | Einar Trausti Óskarsson | spænska | SPÆN1SO, SPÆN2RÞ, SPÆN1TJ, SPÆ503 | 33 | 33 |
| 4 | Hulda Egilsdóttir | íslenska | ÍSLE1MR, ÍSLE2LR, ÍSLE3NB, ÍSLE3KV, ÍSLE3PL, | 27 | 30 |
| 5 | Ingibjörg Böðvardsdóttir | spænska | SPÆN1SS, SPÆN1TJ | 18 | 12 |
| 6 | John Richard Middleton | enska | ENSK2KO, ENSK3FS | 30 | 24 |
| 7 | Jórunn Tómasdóttir | íslenska | ÍSLE1MR, ÍSLE2BR | 0 | 18 |
| 8 | Kristrún Guðmundsdóttir | íslenska | ÍSA103, ÍSA503, ÍSLE3BF, ÍSLE3NB, ÍSLE3KV | 27 | 24 |
| 9 | Kristjana Hrönn Árnadóttir | enska | ENSK2OS, ENSK2KO, ENSK2GA, ÍSLE1FA/B | 30 | 30 |
| 10 | Ólöf Hildur Egilsdóttir | enska | ENSK1OS, ENSK2OS, ENSK2GA, ENSK3AO, ENSK3YN | 30 | 30 |
| 11 | Simon Cramer Larsen | danska | DANS1LF, DANS2LB | 30 | 24 |
| 12 | Sumarrós Sigurðardóttir | danska | DANS1ML, DANS2LU | 30 | 24 |
| 13 | Veska Jónsdóttir | þýska-enska | ÞÝSK1ÞO, ÞÝSK1ÞT, ÞÝSK1ÞS, ÞÝSK2ÞR, ENSK1OS, ENSK2OS, ÍSA103 | 30 | 24 |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **14** | Þorsteinn Þorsteinsson | íslenska | ÍSLE1MR, ÍSLE1ML, ÍSLE2MÆ, ÍSLE2LR | 30 | 30 |
| **15** | Þorvaldur Sigurðsson | íslenska | ÍSLE1MR, ÍSLE2BR, ÍSLE2MÆ, ÍSLE3BF | 30 | 30 |

**Umræðan 2017-2018**

Áhrif þriggja ára framhaldsskólastefnunnar eru að verða áþreifanlegri á mörgum sviðum. Heildar nemendafjöldinn minnkar sem aftur hefur í för með sér færri starfsmenn og eilítið annað heildar yfirbragð. Álag á marga nemendur sem keppa að því að klára á þremur árum hefur aukist sem meðal annars kemur fram í minni framsækni til félagsstarfa. Erfitt er fyrir marga að sjá áþreifanlega kosti hins nýja fyrirkomulags sem óneitanlega ber einkenni sparnaðar sem kominn er út í öfgar. Vonandi að ný ríkisstjórn sjái ljósið og rétti við framhaldsskólaskútuna áður en aðhaldsmódelið festist of mikið í sessi.

Fjölbrautaskóli Suðurnesja má enn kalla sig Fyrirmyndarstofnun eftir úttekt SFR á stofnun ársins og það hvorki meira né minna en í fimmta sinn í röð. Starfsandinn á þessum vinnustað hefur oftast verið til fyrirmyndar, laus við merkilegheit og stéttaskiptingu. Stór biti hins skemmtilega starfsmannakjarna ákvað að nóg væri komið í lok síðasta skólaárs svo þróun starfsandans verður undir smásjánni á komandi misserum. Endurmenntunar og hópeflisferð er þegar komin á kortið fyrir næsta vor svo það er ekki að sjá annað en að halda eigi upp starfsandamerkinu líkt og verið hefur. Vonandi nær hópurinn að halda sjó því áfram viljum við geta skreytt okkur með þessum skemmtilega titli. Svo má einnig lauma því að hérna í blálok efnisgreinar að ríkisskattstjóraskipti eru nýafstaðin!

Þrískólafundur framhaldsskólanna á vesturlandi, suðurlandi og Suðurnesjum var haldinn sunnan Straums snemma skólaárs. Stjórnendur voru ákveðnir í því að sýna rútufólkinu fyrirmyndar gestrisni svo ánægja allra yrði sem útbreiddust og þar með skilvirkni funda sem best. Veitingar og fundir eru hugtök sem jafnan fara saman hlið við hlið í FS og eiga sinn þátt í að lyfta ánægjuvoginni á svæðinu. Almenn ánægja virtist vera með veitingahliðina en um hana sá starfsfólk mötuneytisins okkar. Sameiginlegi fyrirlesturinn og fagfundirnir voru jákvæðir sem aftur ýta undir viðhald þessa merkilega framtaks að viðra sameiginlega reynslu og með því víkka sjónarhorn starfsmanna. Þess má geta að í enskunni er að fara af stað tilraunaáfangi sem er á vissan hátt afsprengi þessa samstarfs.

Zackary Walker hleypti heldur betur lífi í faglega umræðu okkar á fyrri önn þessa skólaárs. Útsendarar skólans sóttu í dreifingu á kenningum hans og dreifðu þeim svo enn frekar svo sem flestir mættu njóta góðs af. Langt er síðan hinir svokölluðu kaffihúsafundir okkar hafa einkennst af jafn miklum áhuga á umræðuefninu og raunin varð á. Efnisatriðin voru nokkuð mörg, voru mörg hver þverfagleg og starfsmenn sáu raunverulega möguleika á því að fella inn í sína kennslu atriði sem hresstu upp á og styrktu kennsluna. Ekki er hægt að biðja um mikið meira. Atriði frá ZW skutu svo upp kollinum hvað eftir annað inn í skólaárið. Kannski væri sniðugt að fara aftur í gegnum pakkann að einhverju leyti eftir að menn hafa prufukeyrt það sem þeir innleiddu.

Hún Hillary okkar lenti heldur betur í vandræðum þegar upp komst að hún aðskildi ekki opinbert netfang og einkanetfang! Þetta er dæmi um nýja tíma sem menn eru að átta sig á og FS er búið að innleiða aðskilnaðinn þannig að við föllum ekki í flokk með henni H. Nýja persónuverndarlöggjöfin mun hafa fjölbreytt og yfirgripsmikil áhrif á starfsumhverfið og vonandi náum við sem fyrst tökum á nýjum viðmiðum á þessu flókna sviði.

Samruni prófadaga og kennsludaga er kominn til framkvæmda. Töluverðar breytingar hafa litið dagsins ljós eins og kennslan í maí ber vott um. Að prófatíminn hefjist í byrjun maí tilheyrir fortíðinni, lokaprófum fækkar og símat eykst sem aftur leiðir til allt annarrar útfærslu á uppgjöri anna. Enn eru menn að vega og meta ágæti breytinganna og vonandi verður lendingin á miðri braut.

Starfshlaupið okkar hefur jafnan verið skemmtilegt uppbrot þar sem starfsmenn og nemendur leggjast jafnan á eitt að taka með sér hressar og skemmtilegar minningar frá skólaárinu. Allt gott getur samt batnað! Gott atvinnuástand, Völlurinn og tæknin eru skæðir keppinautar skólastarfseminnar um tíma nemenda. Var því hafin undirbúnings umræða á vorönninni um framtíð Starfshlaupsins sem skilar vonandi sterkari stöðu skólastarfseminnar gagnvart hinum myrku öflum!

Starfsmenn frá framkvæmdasýslu ríkisins litu við til að sjá með eigin augum hversu þröngt við búum hér í FS. Var þetta liður í að fá nauðsynlegan fjárhagslegan stuðning svo ráðast mætti í framkvæmdir á nemendarými sem gæti snúið viðverutíma nemenda við þegar þeir eru ekki í tímum. Brottfallið gæti jafnvel minnkað svo mikil þörf er á viðbótinni. Menntamálaráðherra Lilja Alfreðsdóttir sýndi andlit sitt skömmu fyrir sveitastjórnarkosningarnar þar sem hún var að reyna að koma sér inn í nýfenginn málaflokk. Var hún jákvæð varðandi ýmsar þarfir stofnunarinnar í innlitinu og sérstaklega jákvæð í garð pönnukaka kaffihlaðborðsins. Vonandi sjáum við afrakstur heimsóknarinnar í jákvæðum skrefum til handa FS í náinni framtíð.

| Föstudaginn 17. nóvember var starfsdagur og fóru allir starfsmenn brautarinnar í heimsókn í aðra skóla í þeim tilgangi að kynna sér nám og störf á öðrum brautum. Markmiðið var einnig að stækka tengslanetið, styrkja fagvitund starfsfólks og auðga faglegt starf á brautinni. Skólarnir sem heimsóttir voru: Fjölbrautaskóli Suðurlands, Flensborgarskólinn í Hafnarfirði, Tækniskólinn, Borgarholtsskóli, Fjölbrautaskólinn við Ármúla og Fellaskóli.<br>Fimmtudaginn 1. febrúar var svokallaður þrískólafundur þar sem allir starfsmenn FS funduðu með starfsfólki frá Fjölbrautaskólunum á Akranesi og Selfossi.<br>5. mars komu þrír stuðningsfulltrúar frá Gerðaskóla í heimsókn og kynntu sér nám og starf á brautinni. Á vorönn var einn þroskaþjálfanemi frá Háskóla Íslands í vettvangsnámi á starfsbraut. Það er mikilvægt fyrir skólann að tengjast fræðasamfélaginu og fylgjast með nýjum rannsóknum og gaman fyrir Fjölbrautaskólann að vera lærdómsvettvangur fyrir háskólanema. Neminn var hér í 5 vikur.<br>Grunnskólanemendur byrjuðu á að koma í heimsókn/aðlögun í nóvember og alla vorönnina voru nemendur að koma frá flestum grunnskólum á svæðinu. Sumir skólar komu oftar en einu sinni. |

| Fundir |
| --- |
| Reglulegir fundir voru á mánudögum kl. 14:10 í eina til tvær kennslustundir. Auk þess voru fundartímarnir á föstudögum oftast nýttir til fundarhalds. Farið var yfir stöðuna, upplýsingum miðlað á milli og áætlanir um áframhaldandi vinnu/viðbrögð voru ákveðin. Sviðsfundir voru að meðaltali einu sinni í mánuði og þar var m.a. fjallað um stoðdaga, fyrirlesturinn með Zachary Walker, námsmat, foreldrasamskipti, skipulag fyrir hæfileikakeppni og önnur mál sem tengdust brautinni.<br>Þann 12. mars kom Freydís Kneif Kolbeinsdóttir grunnskólakennari í Gerðaskóla og kynnti "Passion Projects" verkefnið fyrir okkur á brautinni. Hún sagði hvernig hún aðlagar og nýtir það og með nemendum í námsveri. Passion projects er einstaklingsmiðað nám þar sem nemendur fá að læra um eigin hugðarefni, þeir læra það sem þeir vilja læra. Þetta nám ýtir undir áhuga og sköpunargáfu nemenda. Mikil samþætting námsgreina gerir þessa aðferð einnig mjög skemmtilega. Verkefnið hentar vel fyrir alla nemendur, með góðri aðlögun nýtist það nemendum í sérdeildum og námsverum mjög vel. Sendur var póstur á alla kennara skólans og þeim boðið að koma við ef þeir hefðu tækifæri til þess (fundurinn var á skólatíma), alls mættu þrír kennara utan brautarinnar. |

| |
|---|
| Margir fundir voru haldnir með utanaðkomandi fagaðilum, t.d. með aðilum frá Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins, félagsþjónustunni í Reykjanesbæ, Akranesi, , Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda og sjónskerta, Hæfingarstöðinni í Reykjanesbæ, grunnskólunum á svæðinu, foreldrum nemenda og væntanlegra nemenda, ásamt aðilum frá ýmsum búsetuúrræðum. |

| **Að lokum** |
|---|
| Veturinn hefur verið ánægjulegur, krefjandi og fjölbreyttur. Það sem stóð uppúr var stóra hæfileikakeppnin sem haldin var á Egilsstöðum þann 12. apríl. Met þátttaka var hjá okkar nemendum og ekki skemmdi fyrir að okkar fulltrúi gerði sér lítið fyrir og sigraði keppnina. Alls fóru 20 nemendur og fimm kennarar. Lagt var af stað fimmtudaginn 12. apríl, farið var með flugi og eftir keppnina gistu nemendur á gistiheimili. Um hádegi á föstudeginum komu nemendur heim með flugi og allir skemmtu sér konunglega.<br>Nemendahóparnir voru nokkuð stöðugir þótt gera þurfti breytingar á sumum hópum eftir þörfum. Það er mikilvægt að hafa sveigjanleika í nemendahópnum og varast það að niðurnjörva hópana um of. Nemendahópurinn er fjölbreyttur og að mörgu er að hyggja. Einn nemandi komst ekki í skólann eftir áramót sökum sjúkrahúsdvalar og fjórir nemendur hættu vegna skólaleiða.<br>Sjö nemendur útskrifuðust vorið 2018 og þar af var einn sem valdi að útskrifast eftir þrjú ár á starfsbraut. Enn fer brautin stækkandi þar sem nú liggja fyrir 17 umsóknir, en það á reyndar eftir að koma í ljós hversu margir af þessum nemendum skila sér inn í haust. Það er söknuður á eftir nýútskrifuðum nemendum en við hlökkum til að fylgjast með þeim sem þátttakendur í samfélaginu og erum fullviss um að þau verði sjálfum sér og samfélaginu sem við búum í til sóma. |

Þórunn Svava Róbertsdóttir, sviðsstjóri starfsbrautar, tók saman.

## 10. Skýrsla bókasafns

### Um safnið

Bókasafnið er staðsett á 1. hæð í nýjasta hluta skólahússins. Safnið er þar í 250 $m^2$ húsnæði. Þar er lessalur, tvö hópvinnuherbergi, geymsla inn af afgreiðslu og önnur stærri geymsla. Í lessal eru 24 básar, í hópvinnuherbergjum eru sæti fyrir 20-25 manns auk borða í almenna hluta safnsins. Notendur hafa aðgang að fjórum tölvum og fyrir framan safnið er prentari og ljósritunarvél. Safnkostur safnsins er skráður í landskerfi bókasafna , Gegni. Starfsmenn bókasafnsins eru tveir, Guðmann Kristþórsson bókasafnsfræðingur og Maríanna Einarsdóttir bókavörður.

### Skólaárið 20176-2018

Bókasafnið var opið mánudaga-fimmtudaga kl. 8:00-16:30 og föstudaga kl. 8:00-15:00. Alls var safnið því opið 41 tíma í viku. Aðsókn að safninu var góð og hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár. Útlánum hefur fækkað undanfarin ár en lán innan safns/skóla eru nokkuð mörg. Það er m.a. vegna breyttra kennsluaðferða en nemendur nota heimildir minna en áður en vinna meira sjálfir og nota þá aðstöðu, búnað og safngögn á staðnum. Safnið tók þátt í samstarfi bókasafna í framhaldsskólum en Samstarfshópur bókasafnsfræðinga í framhaldsskólum hefur starfað í um 30 ár. Haldnir eru 3-4 fundir á ári en auk þess heldur hópurinn úti tölvupóstlista.

### Aðföng og safnkostur

| | **Aðföng 2017-2018** | **Safnkostur** |
|---|---|---|
| Bækur | 94 | 16.784 |
| Myndefni | 38 | 1.116 |
| Hljóðefni | 0 | 247 |
| Hljóðbækur | 0 | 69 |
| Margmiðlunardiskar | 0 | 33 |
| Annað | 0 | 11 |
| Afskrifað: 1 | | |
| **Samtals** | **132** | **18.260** |

| **Aðföng 2017-2018** | |
|---|---|
| Keypt | 104 |
| Aðsent | 4 |
| Gjafir | 24 |
| | |
| Kennslubækur | 4 |

**Aðföng - efnisflokkar**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 000 Almennt efni | 1 | 500 Raunvísindi | 7 |
| 100 Heimspeki, sálfræði, siðfræði | 1 | 600 Tækni, vísindi, framleiðsla | 5 |
| 200 Trúarbrögð | 1 | 700 Listir, skemmtanir, íþróttir | 15 |
| 300 Samfélagsfræðigreinar | 14 | 800 Bókmenntir | 75 |
| 400 Tungumál | 1 | 900 Sagnfræði, landafræði og ævisögur | 12 |

**Tímaritaáskriftir**: 30
Auk þess berast safninu nokkur ókeypis tímarit auk frétta- og dreifibréfa.

**Útlán**

Heimlán: 462
Millisafnalán: 610
Lán innan safns/skóla: 2.740 (haustönn 1580, vorönn 1.160)

Guðmann Kristþórsson, forstöðumaður bókasafns, tók saman.



**Frá Dimissio vorannar.**

## 11. Skýrsla námsráðgjafa

### Inngangur

Á skólaárinu voru þrír námsráðgjafar starfandi við skólann. Guðrún Jóna var í 100% stöðu, Sesselja var í 83,75% og Sunna var í 86,25% stöðu. Nemendafjöldi á haustönn 2017 var u.þ.b. 950.

Á vorönn 2018 voru nemendur u.þ.b. 900.

Grunnskólanemar voru rúmlega 100 báðar annir.

### Verkaskipting námsráðgjafa

Guðrún Jóna hefur haldið utan um greiningar og sá um að uppfæra aðstoðarlistann og koma upplýsingum áfram til kennara varðandi nemendur með dyslexíugreiningar í upphafi beggja anna. Guðrún Jóna var með ferilskrá og starfsumsóknir hjá útskriftarnemendum báðar annir. Guðrún Jóna var tengiliður Netsins sem er samstarfsverkefni FS og Grindavíkurbæjar á skólaárinu og hún á sæti í áfallateymi skólans.

Sunna hafði umsjón með fornámshópum á báðum önnum og tók viðtöl við tilvonandi fornámsnemendur og foreldra þeirra í lok vorannar. Sunna var með námstækni fyrir íþróttaafreksbraut á haustönn. Hún hefur haft umsjón með sérúrræðum fyrir lokapróf á báðum önnum. Sunna hefur haldið utan um málefni blinds nemanda í skólanum. Sunna hefur verið með umsjón útskriftarnemenda á báðum önnum.

Sesselja hélt utan um skipulagningu Nýnemadagsins sem haldinn var í upphafi haustannar 2017. Sesselja hélt utan um námstækninámskeið á báðum önnum. Sesselja hélt utan um prófkvíðanámskeið á báðum önnum. Sesselja var tengiliður Flugsins sem er samstarfsverkefni FS og Sandgerðisbæjar á skólaárinu.

Námsráðgjafar sáu um kynningar í 10. bekkjum grunnskóla á Suðurnesjum. Allir námsráðgjafar sáu um móttöku grunnskólanema í 9. bekk sem komu í heimsókn til okkar á vorönn. Allir námsráðgjafar hafa haft umsjón með nemendum með lestrarerfiðleika. Allir námsráðgjafar tóku viðtöl við nemendur á önninni sem virtust vera að slaka á í mætingum og námi. Auk þess hafa þeir haft samband við nemendur í lok anna sem ekki hefur gengið nógu vel í náminu.

Allir námsráðgjafar hafa unnið í verkefninu „Brottfall í framhaldsskólum“ sem Kristjana Stella Blöndal sér um og er á vegum menntamálaráðuneytisins. Sesselja hefur séð um að skipuleggja framkvæmd könnunarinnar í FS og allir námsráðgjafar hafa séð um að aðstoða nemendur við framkvæmd könnunarinnar og úrvinnslu hennar.

Fleiri verkefni hafa verið unnið í sameiningu s.s. hluti nemenda sem teknir voru inn í skólann á skilyrðum í vetur voru í viðtölum og eftirfylgd hjá námsráðgjöfum.

Námsráðgjafar aðstoða nemendur varðandi námsval, áhugasviðsgreiningar og töflubreytingar. Námsráðgjafar sáu um að leiðbeina nemendum í námstækni og prófkvíða sem ekki komu á námskeið.

Almenn viðtöl hvort sem þau eru tengd námi eða líðan hafa allir námsráðgjafar sinnt. Námsráðgjafarnir hafa aðstoðað skólaráð og haft samband við nemendur þegar þörf er á. Einnig hafa námsráðgjafar aðstoðað stjórnendur við ýmis verkefni. Þetta er að sjálfsögðu ekki tæmandi hér því ýmis tilfallandi störf koma upp sem þarf að sinna og er reynt að gera það eftir bestu getu.

**Viðtöl**

Nemendur geta bókað viðtöl á skrifstofu skólans og eiga auk þess greiðan aðgang að námsráðgjöfum þegar þeir eru lausir.

Þeir sem bóka viðtöl eru oftast nemendur í dagskóla. Talsvert er einnig um að fólk sem er að velta fyrir sér að hefja nám við skólann leiti til námsráðgjafa. Grunnskólanemendur og foreldrar þeirra leita oft til námsráðgjafa á vorin sem og foreldrar nemenda okkar. Það er enn þannig að mikill meirihluti þeirra sem koma til námsráðgjafa eiga ekki bókað viðtal.

Námsráðgjafar sinna oft ráðgjöf og svara fyrirspurnum í síma. Ýmis ráðgjöf og samskipti með tölvupósti eru líka mikil.

Segja má að langflestir sem koma til námsráðgjafa séu að velta fyrir sér námi og störfum. Mjög margir koma til að fá aðstoð við gerð námsáætlunar. Nokkuð stór hópur kemur vegna stuðnings og er þá ýmist um að ræða stuðning varðandi námið s.s.námstækni, upplýsingar um aðgengi að Blindrabókasafninu, persónulegra mála eða prófkvíða svo eitthvað sé nefnt.

Nokkur hópur hefur leitað til námsráðgjafa til að fá að taka áhugasviðskönnun. Í vetur, eins og undanfarin ár, höfum við notað áhugasviðskönnunina ***Í leit að starfi*** en hún byggir á kenningum Holland eins og flestar áhugasviðsgreiningar sem eru í notkun. Áhugasviðsgreiningin, Í leit að starfi, er stöðluð miðað við íslenskar aðstæður af Námsmatsstofnun og er miðað við að nemendur hafi náð 18 ára aldri til að útkoman sé marktæk.

**Námsstuðningur**

Nemendur sem hafa lestrargreiningu eða annars konar greiningu úr grunnskóla eru hvattir til að skila þeim gögnum til námsráðgjafa strax við upphaf skólagöngu hér. Námsráðgjafar setja inn í athugasemdadálkinn í Innu upplýsingar um nemendur sem hafa ýmiskonar greiningar að höfðu samráði við nemendur. Þeir hafa einnig sent póst á alla kennara nemenda með greiningar eins og dyslexíu og aðra námsörðugleika. Einnig er sendur póstur á kennara með leyfi nemenda varðandi sérstök mál sem geta komið upp. Þetta er gert í upphafi hverrar annar og einnig þegar sérstök atvik koma upp.

Námsráðgjafar sjá um að skrá þá sem hafa lestrargreiningu á Blindrabókasafnið ef þörf er á. Ef grunur um dyslexíu kemur upp og nemandi hefur ekki þegar farið í greiningu reyna námsráðgjafar að meta hvort ástæða sé til greiningar. Nemendum, sem óskað hafa eftir greiningu, hefur þurft að vísa til einkaaðila sem er frekar dýr kostur og því mikilvægt að þessi mál séu skoðuð vel í grunnskóla.

Það voru um 162 greiningar um lesblindu hjá nemendum FS á haustönn en 148 greiningar á vorönn 2018. Auk þessara greininga hafa námsráðgjafar upplýsingar um þó nokkurn hóp nemenda sem eiga við einhvers konar námserfiðleika að etja sem tengjast lestri en hafa ekki skilað inn greiningu.

Nokkrir nemendur hafa greiningu um sértæka námsörðugleika, aðra en lestrarerfiðleika, en þeir fá ekki sérstakan stuðning við sitt hæfi utan þess sem býðst á starfsbraut og í fornámi. Reynt er þó að koma til móts við þá sem þess óska með einstaklingsmiðuðum úrræðum.

Þrír nemendur voru með greiningu um stærðfræðiblindu báðar annir.

Á þessu skólaári voru um 54 greiningar um nemendur með ADHD eða ADD. Námsráðgjafar koma upplýsingum á framfæri við kennara varðandi nemendur sem hafa greiningar og annað eftir því sem við á og að höfðu samráði við nemendur.

Námsráðgjafar hafa boðið upp á fræðslu og stuðning varðandi námstækni og skipulag í námi. Þó nokkrir hafa nýtt sér þetta en þessi fræðsla hefur farið fram einstaklingslega eða í litlum hóp. Námsráðgjafar hafa einnig veitt nemendum stuðning sem átt hafa við prófkvíðavanda að etja. Auk námskeiðanna var einstaklingsfræðsla á báðum önnum varðandi próftöku, prófkvíða og sjálfsstyrkingu.

Nemendur með sértæka námserfiðleika s.s. dyslexíu hafa kost á því að fá prófin lesin upp á MP3- spilara, að fá stækkað letur, að taka próf á tölvu og litaðan pappír svo eitthvað sé nefnt. Margir nemendur hafa nýtt sér þessa þjónustu og virðist þetta gefa góða raun. Allir nemendur hafa kost á því að sitja 30 mínútur lengur í prófum. Nemendum gefst einnig kostur á að taka kaflapróf í einrúmi með námsráðgjafa vegna sérstakra aðstæðna ef þess er óskað og hafa þó nokkrir nemendur nýtt sér það.

Þeir nemendur sem vilja fá að taka prófin í einrúmi fer stöðugt vaxandi og er fundin sérstofa fyrir þessa nemendur (sem eru þó saman í stofu) og situr námsráðgjafi stundum þar yfir prófum. Námsráðgjafar halda utan um þessar umsóknir en nemendur þurfa að sækja um þessa þjónustu fyrir hvert próftímabil. Á haustönn 2017 voru 57 nemendur sem sóttu um sérúrræði og á vorönn 2018 voru 35 nemendur sem sóttu sérúrræði í prófum. Fækkun umsókna um sérúrræði á vorönn má eflaust rekja til breytinga í námsmati.

Á skólaárinu var boðið uppá sálfræðiþjónustu við skólann þar sem tveir sálfræðingar höfðu fasta viðveru í skólanum mánudaga, þriðjudaga og fimmtudaga. Nemendur gátu nýtt sér opna tíma fyrir stutt viðtöl í 10 mínútur eða sótt um að sækja þjónustuna annaðhvort hjá námsráðgjöfum eða hjá sálfræðingunum sjálfum. Þessi þjónusta var vel nýtt allan veturinn.

**Fornám**

Nemendur sem sækja um í fornám koma í viðtal, ásamt forráðamanni, til Sunnu námsráðgjafa. Þessi viðtöl eru í júní strax að lokinni innritun. Í viðtalinu er fyrirkomulag náms í fornámslínu kynnt. Rætt er um fyrra námsgengi og fyrirhugað nám, áhugasvið og framtíðarvæntingar.

Haustið 2017 byrjuðu 54 nemendur í fornámi.

Námsráðgjafi fundar með kennurum fornámsdeildar vikulega þar sem gengi námsins í deildinni er rætt. Námsráðgjafi aðstoðar alla nemendur í fornámi við að velja bæði um jól og að vori. Þegar upp koma erfiðleikar varðandi einstaka nemendur í fornámsdeild þá er námsráðgjafi kennurum innan handar í viðtölum við foreldra og nemendur.

**Starfsbraut**

Námsráðgjafar eru í góðu samstarfi við kennara á starfsbraut og funda námsráðgjafar með foreldrum og fagfólki utan FS er varðar nemendur á starfsbraut ef þess er þörf.

**Foreldrasamstarf**

Nokkuð er um að foreldrar 10. bekkinga hringi og leiti upplýsinga varðandi val barna þeirra. Foreldrar grunnskólanemenda, sem eiga við sértæka námsörðugleika að etja, hafa einnig haft samband til að forvitnast um möguleika barna þeirra innan skólans.

Námsráðgjafar mæta alltaf á foreldrafundi í grunnskólum á svæðinu sé þess óskað.

Fundur með foreldrum nýnema var haldinn í september þar sem starf námsráðgjafa var m.a. kynnt.

Mikið og öflugt foreldrasamstarf hefur jafnan verið við foreldra/forráðamenn nemenda í fornámsdeild og tekur námsráðgjafi þátt í því eftir þörfum.

Í mars var haldin kynning fyrir nemendur í 10. bekk á Suðurnesjum ásamt foreldrum.

**Námskeið og fagfundir**

Sesselja fór á fyrirlestur um sjálfsmyndina í MSS. Sunna fór á ráðstefnu um forvarnir og heilsueflingu á vegum Reykjanesbæjar. Sesselja og Sunna fóru á fund um handbókina um skimunarprófið *Námsumhverfi framhaldsskólanema* á vegum Kristjönu Stellu Blöndal. Sesselja og Sunna fóru á dag stefnumótunar Fjölsmiðjunnar á Suðurnesjum. Guðrún, Sesselja og Sunnar fóru á fyrirlestur um markmiðasetningu og afreksárangur í MSS.

**Fundir innan skóla**

Námsráðgjafar sóttu fundi og námskeið sem í boði voru innan skólans. Þann 24. apríl komu námsráðgjafar grunnskóla á svæðinu á fund í FS þar sem farið var yfir fyrirkomulag kynninga og hvernig best væri að haga kynningum skólans.

**Skólaheimsóknir**

Allir 10. bekkingar á svæðinu fengu kynningu frá námsráðgjafa FS á vorönn og þar var m.a. kynnt inntökuskilyrði í FS, námsframboð skólans og fyrirspurnum svarað.

Á vorönn komu 9. bekkingar grunnskólanna á svæðinu í heimsókn í FS.

Eins og venja er var gengið um skólann og helstu staðir kynntir og litið við í nokkrum stofum. Nemendum gafst kostur á að spyrja spurninga jafnóðum ef þeim datt eitthvað í hug. Verknámskennarar tóku vel á móti nemendum og kynntu námsframboð í sínum deildum. Kynningunni lauk í fyrirlestrasalnum þar sem heimasíða skólans var kynnt og nokkrar námsbrautir skoðaðar auk kynningar frá nemendafélaginu sem fulltrúar þeirra sáu um.

### Námskynningar

Á skólaárinu hafa útskriftarnemar á báðum önnum fengið kynningar frá öllum stærstu háskólum landsins. Þessar kynningar hafa farið fram í umsjónartímum hjá útskriftarnemum. Á vorönn var háskólakynning á sal þar sem nemendur háskólanna kynntu skólana sína og tókst hún vel. Á haustönn var útskriftarhópunum boðið í heimsókn í HR. 30 nemendur úr FS tóku þátt í Háskólahermi í Háskóla Íslands þar sem nemendur kynntust mismundandi námsbrautum í Háskóla Íslands.

### Töflubreytingar og fleiri störf

Í upphafi og lok anna hafa námsráðgjafar aðstoðað við ýmis tilfallandi störf eins og töflubreytingar, að slá inn val og annað sem tilheyrir þessum annatímum. Þeir hafa einnig verið að leiðrétta mætingareinkunnir, leiðrétta fyrir fall í lok annar og að innrita nýnema og eldri nemendur inn í skólann.

Auk þess hafa þeir aðstoðað skólaráð við að ræða við kennara um einstaka nemendur og svo við þá nemendur sem hafa skrifað bréf til skólaráðs.




**Helgí Líndal fór til Los Angeles á námskeið í skóhönnun.**

**Aðrir samstarfsaðilar**

Alþjóðaskrifstofa Háskóla Íslands

Blindrabókasafnið

BUGL- Barna- og unglingageðdeildin

Félags- og fjölskyldudeildir sveitafélaganna á Suðurnesjum

Fræðsluskrifstofa Reykjanesbæjar

Greiningastöð Ríkisins

Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum

Námsráðgjafar í grunnskólum á Suðurnesjum

Skólar á háskólastigi

Sérkennarar í grunnskólum á Suðurnesjum

Vinnumálastofnun Suðurnesja

Virkjun mannauðs á Suðurnesjum

Námsráðgjafar úr FSu og FVA

Formaður framhaldsskólakennara Guðríður Arnardóttir

## 12. Mætingastjóri

Mætingasamningar voru að mestu leiti gerðir frá 3.-.18. janúar. Alls voru það 131 nemandi sem skrifuðu undir samning, en eftir 18. janúar voru 12 í viðbót sem bættust við og voru settir á samning. Þannig að í heildin voru 143 nemendur á samning þessa önnina.

Eftir að búið var að gera mætingasamningana var kominn tími á að fara yfir hvaða nemendur höfðu ekki skilað sér í áfanga eða skólann almennt og leyta skýringa og taka þá úr áföngum ef það þurfti. Nokkuð var um veikindi í byrjun annar sem skýrði miklar fjarvistir meðal nemenda.

Póstur var sendur til kennara og þeir beðnir að fylgjast með nemendum sínum og láta vita af nemendum sem væru að mæta hættulega lítið. Margir kennarar brugðust vel við og í kjölfarið þá skoðaði ég stöðu nemenda og hafði samband við þá og fékk útskýringar eða að þeim var vísaði úr áföngum ef þeir voru komnir yfir í mætingum.

Þann 14. febrúar keyrði Elín út mætingalista yfir nemendur skólans það var öllum nemendum sem ekki voru á starfsbraut eða í fornámi og voru komnir með 7 og fleiri fjarvistir samkvæmt innu sendur tölvupóstur þar sem þeir voru minntir á að passa mætingu sína eða að hafa samband við námsráðgjafa eða mætingastjóra ef það átti við. Sumum var þó vísað úr áföngum ef þeir voru komnir yfir í mætingum og ekki veikindi eða aðrar útskýringar.

Vikuna 12. 15 mars fór ég yfir möppuna með mætingasamningum til að skoða hver staðan væri á nemendum á samningi. Það kom í ljós að 15 nemendur sem höfðu verið á samning voru hættir í skólanum þessa vikuna. Sumir nemendur voru hættir í einhverjum greinum eða verið teknir út vegna mætinga. Margir nemendur voru í góðum málum en aðrir sem stefndu í vandræði fengu tölvupóst og áttu að koma og ræða við mig um stöðuna, sumum var vísað úr einum eða fleiri áföngum.

Jafnfram hef ég sinnt ábendingum frá kennurum og var misjafn hvað kennarar voru duglegir að láta mig vita af slæmum mætingum. Um það bil 90 ábendingar komu frá kennurum og námsráðgjöfum um nemendur eða hópa sem þyrfti að skoða nánar og var staða þeirra nemenda skoðuð og mál afgreidd eins og átti við í hverju tilfelli.

22 nemendur sem voru á samning höfðu hætt í skólanum í lok annarinnar. Ástæður þeirra voru margar og mismunandi, en algengast var þó skólaleiði, komnir með vinnu, veikindi eða kvíði sem gerði það að verkum að þeir drógust aftur úr sem varð til þess að þau hættu.

Yfir önnina voru send út 43 bréf til nemenda þar sem þeim var vísað úr áföngum vegna brots á skólasóknarreglum í einu eða fleiri fögum. Þessi hópur samanstóð bæði af nemendur sem voru á samning og ekki á samningi.

Mætingastjóri var einnig tengill í verkefni sem heitir Sterkari saman og samanstendur af Vinnumálastofnun, MSS, Virk, Félagsþjónustu sveitafélaganna á svæðinu og FS. Markmiðið er að halda betur utan um ungt fólk og fólk af erlendum uppruna á Suðurnesjum.

Guðbjörg K. Jónatansdóttir, mætingastjóri, tók saman.

## 13. Skýrsla sálfræðinga

**Inngangsorð**

Hér gefur að líta samantekt á lykiltölum sálfræðiþjónustu við Fjölbrautaskóla Suðurnesja fyrir skólaárið 2017/2018. Samantekt þessari er ætlað að veita innsýn í starfsemi þjónustunnar á liðnu skólaári, en þetta er annað árið þar sem unnið er samkvæmt þjónustusamningi um aðkeypta sálfræðiþjónustu frá fræðslusviði Reykjanesbæjar. Sálfræðiþjónustunni hefur almennt verið vel tekið af nemendum og starfsfólki skólans. Nemendur hafa verið duglegir að leita eftir þjónustu sálfræðinga. Mikill meirihluti nemenda greindu frá því að þeir óskuðu eftir þjónustunni að eigin frumkvæði.

Lykiltölur fyrir skólaárin 2016/2017 og 2017/2018 gefa til kynna að rík þörf er fyrir sálfræðiþjónustu í Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Á síðustu tveimur skólaárum hafa um 100 nemendur óskað eftir föstum viðtalstíma hjá sálfræðingi. Að auki hafa nemendur nýtt sér opna viðtalstíma sem standa öllum nemendum til boða. Þjónustuþörf nemenda sem óskað hafa eftir þjónustu er ólík. Fyrir meirihluta nemenda hefur þjónustuþörf verið mætt að fullu með sálfræðiþjónustu FS, ýmist með föstum viðtalstímum eða stuttum viðtölum í opnum viðtalstíma. Aðrir voru í þörf fyrir frekari þjónustu samhliða eða í framhaldi af sálfræðiþjónustunni og fengu þeir aðstoð við að finna viðeigandi úrræði. Þegar litið er til aldursdreifingar nemenda sem óskuðu eftir föstum viðtölum á síðastliðnum tveimur skólaárum má sjá að meirihluti þeirra eru yngri en 18 ára. Þetta er eftirtektarvert í ljósi þeirra markmiða sem sett hafa verið varðandi sálfræðiþjónustu í framhaldsskólum, þ.e. gera sálfræðiþjónustu aðgengilegri fyrir þennan aldurshóp. Reynsla sálfræðinga á liðnum skólaárum undirstrikar mikilvægi þessa markmiðs. Samantekið er það mat undirritaðra að vel hafi tekist til fyrstu tvö ár sálfræðiþjónustu Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Gleðilegt er hversu margir nemendur gátu nýtt sér þjónustuna á síðastliðnum tveimur skólaárum og horfa undirrituð björtum augum á áframhaldi sálfræðiþjónustu við nemendur Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

Reykjanesbær, 15. ágúst 2018
Fyrir hönd skólaþjónustu fræðslusviðs,

Einar Trausti Einarsson
Yfirsálfræðingur

Kristín Guðrún Reynisdóttir
Sálfræðingur

**Skipulag þjónustu**

Sálfræðingar á vegum fræðslusviðs Reykjanesbæjar veita nemendum Fjölbrautaskóla Suðurnesja sálfræðiþjónustu þeim að kostnaðarlausu. Þá getur starfsfólk skólans og foreldrar nemenda einnig óskað eftir ráðgjöf. Þjónustan við nemendur felst í einstaklingsviðtölum, þar sem áhersla er lögð á ráðgjöf, fræðslu og stuðning auk þess að þörf fyrir frekari þjónustu er metin (sbr. aðkomu annarra heilbrigðisstarfsmanna). Tilgangur þjónustunnar er að stuðla að almennri velferð nemenda og veita þeim stuðning við að fá viðeigandi aðstoð sé þess þörf. Sálfræðingar frá fræðslusviði Reykjanesbæjar voru með fasta viðveru í Fjölbrautaskóla Suðurnesja á mánudögum, þriðjudögum og fimmtudögum á önninni. Viðtalstíma sálfræðinga á skólaárinu má sjá í töflu 1. Nemendum skólans stendur til boða að panta viðtalstíma hjá sálfræðingi eða mæta í opinn tíma. Opnir tímar eru stutt ráðgjafarviðtöl þar sem miðað er við að viðtalið taki um 10-15 mínútur og þarf ekki að bóka tíma fyrir fram. Bókaðir viðtalstímar eru yfirleitt 25-45 mínútur, þar sem nemandi og sálfræðingur setja sameiginleg markmið til að vinna að. Til að óska eftir föstum viðtalstímum hjá sálfræðingi skila nemendur inn sérstöku upplýsingablaði, fá staðfestingu á móttöku þess og fá úthlutaðan viðtalstíma.

**Lykiltölur**

Á skólaárinu 2017/2018 óskuðu alls 43 nemendur eftir föstum viðtalstímum hjá sálfræðingi. Stúlkur voru í meirihluta, en 63% viðtalsbeiðna komu frá stúlkum. Þá bárust flestar beiðnir um viðtöl frá nemendum sem fæddir eru árin 2000 og 2001.

Óskir eftir viðtölum hjá sálfræðingi dreifðust nokkuð jafnt á milli mánaða. Flestar viðtalsbeiðnir bárust í september og nóvember (sjá mynd 2). Á skólaárinu gátu sálfræðingar boðið öllum nemendum fasta viðtalstíma. Alls fengu 54 nemendur viðtalstíma á skólaárinu og var biðtími eftir viðtali frá fáeinum dögum til fáeinna vikna. Fjöldi viðtala var misjafn hjá þeim nemendum sem komu í fasta viðtalstíma en flestir nemendurnir nýttu tvö til sex viðtöl.

Á upplýsingablaði sem nemendur fylltu út voru þeir beðnir um að gera grein fyrir ástæðu þess að þeir óskuðu eftir sálfræðiþjónustu (sjá mynd 3). Mikill meirihluti nemenda greindu frá hamlandi kvíða sem helstu ástæðu komu eða alls 60%. Um 19% nemenda greindu frá depurð/vanlíðan sem helstu ástæðu komu. Einnig greindu nemendur frá vanda sem tengdist streitu, erfiðleikum í námi, endurtekinni frestun og lágu sjálfsmati (21%). Þjónustuþörf þeirra nemenda sem óskuðu eftir viðtölum á skólaárinu var misjöfn þegar litið er til stöðu þeirra, hamlandi áhrifa vandans á daglegt líf og hversu lengi vandinn hefur staðið yfir. Fyrir meirihluta nemenda var þjónustuþörf mætt að fullu með sálfræðiþjónustu FS. Aðrir höfðu þörf fyrir frekari þjónustu samhliða eða í framhaldi af sálfræðiþjónustunni. Þar má nefna þörf fyrir aðkomu lækna, sálfræðimeðferð eða þjónustu heilbrigðisstofnana (sbr. BUGL, LSH og HSS).

Á upplýsingablaði sem nemendur skiluðu inn voru þeir einnig beðnir um að gera grein fyrir því hver óskaði eftir þjónustu fyrir nemandann, þar sem hægt var að velja eitt eða fleiri af eftirfarandi; nemandinn sjálfur, foreldri/forráðamaður eða starfsmaður skólans. Þegar ofangreindar upplýsingar voru teknar saman kom fram að um 78% nemenda greindu frá því að þeir sjálfir óskuðu eftir þjónustunni. Hér er þó mikilvægt að hafa í huga að starfsmenn skólans, einkum náms- og starfsráðgjafar aðstoðuðu nemendur oft við að óska eftir viðtölum hjá sálfræðiþjónustu skólans.



**Appelsínugula liðið sigraði í Starfshlaupinu.**

## 14. Skýrsla forvarnafulltrúa

Eftirtaldir flokkar flokkast undir starf forvarnafulltrúa:

Störf tengd dansleikjum nemendafélagsins
Tóbaksnotkun
Samtakahópurinn
Viðtalstími

**Störf tengd dansleikjum nemendafélagsins**
Á skólaárinu 2017 - 1018 voru haldin fjögur skólaböll. Tvö voru fyrir áramót og tvö eftir áramót. Eins og undanfarin ár þá gátu nemendur blásið í áfengismæli við komuna á böllin og þannig komist í edrúpott. Við lok skólaárs er síðan tveir nemendur dregir úr nöfnum þeirra sem hafa blásið á þremur og fjórum böllum. Dregin er út ein stúlka og einn drengur og hafa þeir fengið viðurkenningu við útskrift að vori. Þessar gjafir hafa hingað til verið gefnar af skólanum og Reykjanesbæ. Á þessu skólaári var einnig dregið úr edrúpottinum eftir hvert ball og gátu nemendur unnið sér inn miða á næsta ball, inneignir á skyndibitastöðum bæjarins og margt fleira. Þetta var gert í samvinnu við foreldrafélag FS. Þar sem þetta mæltist vel fyrir og hvatti nemendur enn frekar til þess að taka þátt í edrúpottinum.
Forvarnarfulltrúi vinnur náið með félagslífsfulltrúa á böllum og njóta þeir aðstoðar lögreglu. Á öllum böllum eru líka nokkrir kennarar og síðan útskriftarnemar eða nemar sem eiga lítið eftir í sínu námi. Samvinna þessara aðila er mjög góð og hafa þeir það allir það markmið að sjá til þess að allt fari vel fram. Forvarnarfulltrúi sér síðan um að hringja heim ef sækja þarf nemendur undir 18 ára aldri. Verði nemendur uppvísir að ölvun þá eru þeir settir í bann á næsta balli á eftir auk þess að fá tiltal hjá forvarnarfulltrúa. Ef nemendur hafa náð 18 ára aldri þá er það hlutverk forvarnarfulltrúa og annarra starfsmanna að sjá til þess að þeir komist heim.

**Tóbaksnotkun**
Forvarnarfulltrúi ræðir við þá nemendur sem gerast brotlegir vegna tóbaksnotkunar/rafsígarettunotkunar. Örfáir nemendur reykja venjulegar sígarettur en þeir eru mun fleiri sem nota rafsígarettur og „veipa". Þá hefur notkun munntóbaks einnig minnkað mikið. Allir sem staðnir eru að því að veipa innanhúss fá á sig athugasemd í Innu og ef um ítrekuð brot er að ræða þá er hringt heim ef um nemanda undir 18 ára er að ræða en rætt beint við nemendur sem eru eldri en 18 ára.

**Samtakahópurinn**
Forvarnarfulltrúi FS á sæti í Samtakahópnum sem hittist hálfsmánaðarlega. Fundirnir voru haldnir utan Fjölbrautaskólans á ýmsum tímum en yfirleitt þó þannig að það var erfitt fyrir forvarnarfulltrúa að mæta vegna kennslu.

Forvarnarfulltrúi sækir þá fyrirlestra sem í boði eru þ.e. þegar hann hefur tækifæri til.

**Viðtalstími**
Forvarnafulltrúi FS er til taks alltaf þegar þörf er á.

Anna Karlsdóttir Taylor, forvarnafulltrúi, tók saman.



**Perla Sóley Arinbjörnsdóttir sigraði í Hljóðnemanum.**

## 15. Skýrsla félagslífsfulltrúa

Skólaárið 2017-2018 fundaði félagslífsfulltrúi einu sinni í viku með nemendafélaginu, formenn nefnda og nefndarmeðlimir voru kallaðir á fund eftir þörfum. Þessir fundir eru nauðsynlegir til þess að fá yfirsýn yfir hvað nemendafélagið er að gera.

Félagslífið var mjög blómlegt þetta skólaár, þau voru dugleg að vera með uppákomur á sal, settu upp þema fyrir hverja viku og skreyttu í samræmi við það. Framkvæmdastjóri, formaður nemendafélagsins og ritari voru mjög öflug. Þau voru dugleg að virkja nefndir og láta alla skila sínu hlutverki, það gekk stundum hægt en það hafðist.

Það voru 4 dansleikir á skólaárinu haldnir í Stapanum, gengu þeir að mestu mjög vel og voru vel sóttir. Á haustönn var Nýnemaball ásamt öðrum dansleik í október.

Á vorönn var haldnir tveir dansleikir, fyrri dansleikurinn gekk ekki nægilega vel og var of mikið um ölvun. Fundað var með foreldraráði, lögreglu og nemendafélaginu ásamt skólastjórnendum og farið yfir stöðuna. Stjórnendur sendu bréf heim til foreldra, vinningar fyrir edrú pottinn urðu fleiri og veglegri, og auglýsingar um vímuefnalaust ball voru gerðar meira áberandi. Árshátíðarball í tengslum við árshátíðarviku heppnaðist mjög vel og voru nemendur til fyrirmyndar.

Á böllunum gafst nemendum kostur á að blása í áfengismæli og skrá sig í „edrúpott“ ef ekkert áfengi mældist. Á skólaslitum voru síðan 2 nemendur dregnir úr pottinum eins og viðgengst hefur s.l. ár og hlutu nemendurnir iPad í verðlaun. Einnig voru smærri vinningar dregnir út strax eftir böllinn. Gott samstarf var nú sem áður við lögreglu varðandi dansleikjahald sem er okkur ómetanlegt. Mikill fjöldi starfsmanna var á hverjum dansleik; 1 -2 lögreglumenn, 5 – 6 starfsmenn frá FS, 8– 10 úr útskriftaraðli, auk 8 dyravarða. Gott samstarf var á milli forvarnarfulltrúa og félagslífsfulltrúa varðandi dansleikjahald á skólaárinu.

Haldnar voru skuggakosningar í tengslum við Alþingiskosningarnar haustið 2017. Aðilar frá öllum flokkum komu á sal og héldu erindi. Einnig fengu allir stjórnmálaflokkar að vera með nemendafélags-snappið einn dag. Þátttakan var góð og kjörstjórnin stóð sig vel.

Hljóðneminn var haldin aftur í ár eftir hlé. Haldinn var undankeppni á sal skólans, fimm þátttakendur skráðu sig til leiks. Perla Sóley Arinbjörnsdóttir ásamt fjórum öðrum stúlkum bar sigur úr bítum með laginu „Ég er nóg“. Þær kepptu fyrir hönd skólans á Akranesi og stóðu sig mjög vel. Undankeppnin var til fyrirmyndar, vel skipulögð og vegleg. Þetta er mikilvægur partur í skólastarfinu og lífgar svo sannarlega uppá félagslífið að skemmtiatriðin komi frá hæfileikaríkum nemendum.

Það var öflugt og mikið starf hjá leikfélaginu Vox Arena á skólaárinu. Það var sett upp sýning í Andrews á Ásbrú, sýningin var dans og söngleikur að nafninu Burlesque, Brynja Ýr Júlíusdóttir leikstýrði verkinu. Það er ómetanlegt fyrir skólann að geta boðið upp á slíkar sýningar. Þeir nemendur sem hafa komið að þessum sýningum hafa lagt á sig ómælda vinnu sem er mjög þroskandi og lærdómsrík. Sýningin gekk mjög vel og voru sýningagestir mjög ánægðir.

Kvartanir bárust frá foreldrum um að æfingar stæðu fram á nótt á virkum dögum, einnig að einhverjir úr leikarahópnum væru að nýta sér aðstöðuna í Andrews eftir að skila átti húsinu. Kristján skólameistari og undirrituð funduðu með þeim aðilum sem áttu hlut að máli.

Morfís lið skólans keppti eina viðureign í ár við menntaskólann í Hamrahlíð og beið lægri hlut. FS keppti einnig í Gettu Betur, það gekk illa að þjálfa liðið, þar sem þjálfarinn var erlendis rétt fyrir keppni. Liðið tapaði fyrir MA í fyrstu umferð. Formaður nemendafélagsins og skólameistari funduðu með þjálfara liðsins eftir keppni.

Skólaþátturinn Hnísan og skólablaðið Vizkustykki komu út tvisvar á árinu og var haldið skemmtikvöld í tilefni af því. Nemendur héldu reglulega skemmtikvöld og voru þau vel skipulögð.

Nemendafélagið vann náið með þemanefnd kennara í tengslum við þemadaga og heppnaðist það mjög vel. Nemendur skemmtu sér vel þessa daga og allir fundu eitthvað við sitt hæfi.
Nemendur og kennarar öttu kappi í knattspyrnuleik í íþróttahúsinu að frumkvæði nemendafélagsins og gekk það mjög vel og höfðu báðir hópar gaman af. Nemendur unnu sannfærandi sigur á liði kennara ☺
Heilt yfir gekk þetta skólaár vel, nemendafélagið var mjög öflugt og félagslífið í blóma.

Lovísa H. Larsen, félagslífsfulltrúi, tók saman.